	Hafnarfjarðarbær
Innk:	09. 2016
Málsnr:	1609608
Bréfal:	521.1

Hafnarfirði 10.sept. 2016

Sæll Þormóður

Erindið er að fá að byggja kvist á þak raðhúss á Smyrlahrauni 39, Hafnarfirði.

Húsin eru byggð fyrir 50 árum og þá með „flötu þaki“, sem var bárujárnsþak með halla inn á mitt þak í niðurfall þar í skotrennu. Þetta þak var eðlilega alltaf til vandræða og endaði með því að byggt var risþak samkvæmt teikningum Steingríms Haukssonar 1986. Þetta þak var lagfært í fyrra og er nú eins og nýtt (og er samkvæmt teikningu).

Húsin byggði hver samkvæmt sínum úrræðum og sum húsin voru með þak stólað á steypa plötu, en nr. 39 (ofl.) voru með stálbita og sperruþak.

Nýja þakið er með sperrum bornum uppi af 3 límrésbitum, sem eru festir við steypa risveggi með öflugum innsteypum festingum. Þessa límrésbita viljum við ekki hreyfa við, því sperrufestingar niðri á portveggjum eru veigaminni.

Þakrýmið sem við erum að vinna í er á milli límrésbitanna, sitt hvoru megin við mænisásinn. Kvistirnir 3 sem eru fyrir á nr. 29, 37 og 41 ná næstum að portveggjum og eru kvistgluggar 50 cm frá útvegg. Við förum aðeins með kvistinn að límrésbita og þar með verður kvisturinn 120cm styttri og kvistglugginn lægri, - hæð 70cm í stað 100cm.

Okkur langar til að hafa löglega opnun (flóttaleið) á glugganum, þar sem hæð er 60cm og breidd 90cm. Fyrir utan gluggann væru þá fest snjógildirurör (frá Ferrózink) í hábáru. Þar með væri hægt að fara út á þak og síðan annaðhvort uppá kjöl, eða niður á svalir fyrir neðan. Opnanlega fagið á hinum kvistunum er mjög þröngt, eða tæpir 30cm á milli pósta.

Uppröðun sperra er þannig að 30cm breiðari gluggi (og þar með 30cm breiðari kvistur) gengur beint upp og útlitslega sýnist okkur líka meðfylgjandi tillaga samrýmast vel gluggum sem fyrir eru. Þessar væng-hliðaropnanir verða að sjálfsögðu með barnalæsingum.

Þetta þakrými er hugsað sem vinnustofa og geymsla. Kvisturinn snýr í norðvestur og gerir mikið fyrir þá sem það nýta. Við getum að sjálfsögðu haft kvistinn mjórri, eða breiðari. Glugginn getur td verið nákvæmlega eins og hinir kvistgluggarnir, - nema 70cm hár í stað 100cm og með sama þrönga opnanlega faginu.

Vinsamlega láttu mig vita hvort ykkur vantar frekari upplýsingar og hvort hugmyndir okkar að nýjum kvisti á þaki ganga upp.

Björn Sigurðsson sími 6901762 260756 -  
4439

Vesturholti 8, 220 Hfj.


*bjorn@skrauta.is*

*10/9 '16 BS*

Tillaga af þakglugga á Smyrlabrauni 39

Gluggirn er á kvisti á þaki og  
snýr í norð-vestur

+ + + + +  
37 67 67 37



+


70 cm

+

Ath: kvistir á þaki eru fyrir samkvæmt  
teikningu Steinprins Haukssonar frá 1986.  
í a hlutum nr. 29, 37 og 41  
þeir eru með < 30cm milli pósta í opnan legu  
fagi

10/9 '16 BS





41


39

37

35




Smýrlaun & innviðkaup  
 rekur frá 2017 til 2026  
 BYGGINGARLEIÐSÖGUR  
 HANNAÐUR  
 Ingólfur Jónsson




NORÐ - AUSTUR


*NYR KNÚSTUR*





NORÐ - VESTUR



SÚÐ - VESTUR



SÚÐ - AUSTUR



SKURÐUR A - A

BYGGINGARLEIÐSÖGUR	NUMER
KVARTER 1:100	BREYTT APR. 06
DAGS FEB. 06	8532
TEIKNAD. 06	HANNAÐUR JF. HG.
SMYRLAHRUN 27-41 HAEN	
BYGGINGAENDURTEIKNING	
V. ARCT. JINGA	
Halldór Gíslason arkitekti FXI	
Vinnustofa Gardastreiti 17	
101 Reykjavík Sími 1 70 10	
WWW.FXI.IS	

AFSTÖÐUÞYND 1:500